

Skattavakt PwC

Fréttabréf Skatta- og lögfræðisviðs

4. – 5. tölublað 2015

Skattavaktin er mánaðarlegt fréttabréf PwC þar sem sérfræðingar á Skatta- og lögfræðisviði PwC skrifa um skattarétt og tengd málefni.

pwc

Efnisyfirlit

Úrskurður yfirskattanefndar nr. 75/2015

Taka skal tillit til samsköttunar við álagningar sérstaks fjársýsluskatts fyrir 2014

Úrskurður yfirskattanefndar nr. 52/2015

Deilt var um gjaldfærslu tapaðrar kröfu sem tilkomin var vegna fjárfestingar kæranda í kröfunni en ekki vegna lánveitingar kæranda

Bindandi álit ríkisskattstjóra 01/15

Útgáfa B-hlutabréfa og sala til starfsmanna

Dómur Hæstaréttar Íslands nr. 381/2014 frá 5. mars 2015

Óvissar tekjur sveitarfélags – Tímamark tekjufærslu og skatthlutfall á því tímamarki

Dómar héraðsdóms í málum A hf.

Tvær dómur, E-2715/2013 og E-342/2014, féllu íslenska ríkinu í vil í tengslum við skattskylda eftirgjöf skulda í tengslum við nauðasamninga félagsins

Úrskurður yfirskattanefndar nr. 75/2015

Deilt var um hvort taka ætti tillit til samsköttunar kæranda með dótturfélögum við álagningu sérstaks fjársýsluskatts, þ.e. hvað varðar stofn skattsins á gjaldárinu 2013.

Í álit yfirskattanefndar var forsaga sérstaks fjársýsluskatts rakin og fjallað um athugasemdir í frumvarpi og í meðförum Alþingis. Segir í forsendum nefndarinnar að hvorki komi fram í texta laganna né í lögskýringargögnum hvernig fara eigi með við tilhögun skattlagningar þegar skattaðili er samskattaður að undantöldu bráðabirgðaákvæði sem sett var með 3. gr. laga nr. 145/2012. Dró nefndin þá ályktun að taka bæri tillit til samsköttunar á gjaldárinu 2013 enda væri fyrirvari fyrrgreinds bráðabirgðaákvæðis að öðrum kosti óþarfur.

Rakið er að með 12. gr. laga nr. 142/2013 var þessum ákvæðum breytt á þann hátt að við álagningu sérstaks fjársýsluskatts skuli ekki taka tillit til samsköttunar og yfirfæranlegs taps og var því efni fyrrgreinds bráðabirgðaákvæðis fært í meginmál laganna. Tók yfirskattanefnd fram að ákvæðið hafi ekki tekið gildi fyrr en 1. janúar 2014 og yrði ákvæðinu því ekki beitt fyrir gildistöku þess.

Fallist var á kröfur kæranda um lækun stofns til sérstaks fjársýsluskatts á gjaldárinu 2013 vegna samsköttunar við dótturfélög.

Úrskurður yfirskattanefndar nr. 52/2015

Í úrskurði þessum var deilt um gjaldfærslu tapaðrar kröfu. Í málavöxtum kemur fram að kærandi hafi keypt kröfu á hendur tengdum aðila. Yfirskattanefnd hafnaði gjaldfærslu hinnar töpuðu kröfu á þeim grundvelli að um eignfærða eign hafi verið að ræða sem tilkomin var vegna fjárfestingar í kröfu á hendur tengdum aðila en ekki lánveiting kæranda sjálfs. Taldi nefndin því að ekki væri um að ræða lánveitingu sem tengist atvinnurekstri í skilningi 3. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, sbr. einnig úrskurð nefndarinnar nr. 147/2007.

Bindandi álit ríkisskattstjóra 01/15

Álitsbeiðandi óskaði eftir bindandi álit ríkisskattstjóra á útgáfu álitsbeiðanda á hlutabréfum í nýjum flokki (B) en hluthafar í þeim flokki hafi annan rétt en eldri flokkur (A).

Óskað var eftir áliti á því hvort álitsbeiðanda bæri að halda eftir skatti í staðgreiðslu vegna sölu á eignarhlutum í B-flokki á nafnverði til starfsmanna enda verði slík sala ekki talin til tekna í hendi þeirra annars vegar og hvort fara beri með arðgreiðslur til hluthafa í B-flokki sem tekjur í skilningi 4. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 11. gr. sömu laga hins vegar.

Að undangenginni ítarlegri umfjöllun m.a. um verðmat hlutabréfanna þá taldi ríkisskattstjóri að ekki verði horft framhjá því að við kaup starfsmanna álitsbeiðanda á hlutabréfum skuli telja þeim til tekna þann mismun sem reiknast við kaup á nafnverði (kaupverð) og raunvirði og halda beri eftir staðgreiðslu af þeim mismun.

Hvað varðar síðara álitaefnið kemur fram að þeir fjármunir sem hluthafar í B-flokki fá greidda teljast til arðs, skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 1. mgr. 11. gr. sömu laga að því gefnu að móttakandi teljist hlutareigandi og að ákvæði 2. mgr. 11. gr. eigi ekki við um viðkomandi úthlutun.

Dómur Hæstaréttar nr. 381/2014

Með dómi Hæstaréttar var Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-625/2012 staðfestur um sýknu Íslenska ríkisins af kröfum Hafnfjarðarkaupstaðar með vísan til forsendna hans.

Í málinu var deilt um hvenær tekjufæra bæri söluhagnað, og þar með skatthlutfall, Hafnfjarðarkaupstaðar vegna sölu á hlutum í HS Orku hf. og HS Veitum hf. en samkomulag um sölu var gert á árinu 2007. Taldi ríkisskattstjóri að skattleggja ætti söluhagnaðinn í skattskilum 2010 og miðaði við 15% skatthlutfall, en á árinu 2008 nam skatturinn 10%.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári sem þær verða til, þ.e. þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 90/2003. Þar sem Hafnfjarðarkaupstaður rak mál gegn kaupendum fyrir dómstólum var talið að

um óvissar tekjur væri að ræða þar til að endanlegur dómur gengi um samning þeirra. Vísað var til þess að Hafnarfjarðarkaupstaður hafði ekki gert grein fyrir sölu hlutabréfanna í skattframtali vegna ársins 2008 heldur gert grein fyrir henni í skýringum í ársreikningi sínum. Var því staðfest að söluhagnaður skyldi skattleggjast í 15% skatthlutfalli.

Dómur héraðsdóms nr. E-2715/2013

A, leitaði nauðsamninga í júlí 2009 og var frumvarp að nauðasamningi samþykkt á kröfuhafafundi af öllum kröfuhöfum þann 14. ágúst 2009. Í skattframtali A árið 2010 voru eftirgefnar skuldir færðar til skattskyldra tekna og þá færði A til lækkunar á tekjuskattstofni frádráttarliðinn „Niðurfelldar skuldir á móti fjárfestingu“ að fjárhæð 55 m.kr. með vísan til 2. mgr. 12. gr. laga nr. 90/2003, en umræddar skuldir voru tilkomnar vegna fjárfestinga og til að efna skuldbindingar til kaupa á hlutabréfum.

Ríkisskattstjóri felldi niður frádráttinn frá tekjuskattstofni A og staðfesti yfirsattanefnd þann úrskurð

Í héraðsdómi kemur fram að þær skuldir sem um ræðir hafi verið færðar niður á grundvelli nauðasamnings við kröfuhafa en ekki gefnar eftir í tengslum við kaup eða fjárfestingu í eignarhlutum.

Vísað dómurinn til skýrs orðalags 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga og taldi að félagið gæti ekki byggt gjaldfærslu sína á því ákvæði.

Var íslenska ríkið því sýknað af kröfum A.

Dómur héraðsdóms nr. E-342/2014

Mál þetta er sprottið af synjun ríkisskattstjóra á gjaldfærslu í liðnum „Niðurfelldar skuldir færðar á móti fjárfestingu“ en fyrir héraði var þess krafist að viðurkennt væri að ekki hafi myndast skattskyldar tekjur vegna eftirgjafar skulda A samkvæmt nauðasamningi við kröfuhafa.

Í héraði kemur fram að óumdeilt sé að A hafi fengið niðurfelldar skuldir með nauðasamningi við kröfuhafa og að félagið hafi tekjufært þá niðurfellingu. Vísar dómurinn til 3. mgr. 28. gr. tekjuskattslaga þar sem fram kemur að eftirgjöf skulda á grundvelli nauðasamninga, sem myndast hafi í atvinnurekstri, skuli tekjufæra. Var talið að sú málsástæða félagsins að eftirgjöfin hafi ekki haft í för með sér verðmætaaukningu ætti ekki við rök að styðjast og vísaði dómurinn til þess að ekki yrði annað séð en að eftirgjöfin hafi nýst félaginu í áframhaldandi rekstri.

Var íslenska ríkið sýknað af kröfum félagsins.

Skatta- og lögfræðisvið PwC

Starfsfólk Skatta- og lögfræðisviðs PwC býður upp á margs konar þjónustu, þar með talið ráðgjöf varðandi:

- Alþjóðlegan skattarétt
- Félagarétt
- Milliverðlagningu
- Samruna, skiptingar og yfirtökur
- Skattlagningu einstaklinga
- Skattlagningu rekstraraðila
- Virðisaukaskatt

Starfsmenn sviðsins hafa mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á sviði skatta- og félagaréttar og veita viðskiptavinum aðstoð og ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitaefni.

Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

Ábyrgðarmaður

Jóhanna Á. Jónsdóttir

Sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs

Sími: +354 550 5356

johanna.a.jonsdottir@is.pwc.com

Ritstjóri

Runólfur Vigfússon

Lögfræðingur á Skatta- og lögfræðisviði

Sími: +354 550-5352

runolfur.vigfusson@is.pwc.com

PwC | Skógarhlíð 12 | 105 Reykjavík | S: 550 5300 | Fax: 550-5301 | www.pwc.com/is

Þessi samantekt felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að afhafast samkvæmt vefriti þessu án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers ehf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu vefriti eða aðgerðum sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

©2014 PricewaterhouseCoopers ehf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers ehf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki innan PricewaterhouseCoopers International Limited, sem öll eru þó lagalega sjálfstæðar einingar.